

SAMÞYKKTIR

fyrir KR sjóðinn ses

1. gr. Nafn

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir KR sjóðurinn ses., hér eftir nefnt framtíðarsjóðurinn í samþykktum þessum

2. gr. Heimili

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er Frostaskjól 2, 107 Reykjavík.

3. gr. Tilgangur

Framtíðarsjóðurinn myndar varanlegan grunn fyrir þróun félagsins um ókomin ár. Framlög mynda höfuðstól sem skerðist ekki en vex með nýjum framlögum. Aðeins má nota arð umfram verðbólgu af framlaginu. Raunávöxtun höfuðstólsins verður til ráðstöfunar fyrir Knattspyrnufélag Reykjavíkur og deildir þess þegar höfuðstóllinn hefur náð a.m.k. 50 mkr. miðað við verðlag í árslok 2010 eða eftir 2015, hvort sem verður á undan.

Framlög í framtíðarsjóðinn merkjast þeim einstaklingi eða félagi sem stendur að framlaginu.

Jafnframt má eyrnamerkja framlag ákveðinni íþróttadeild í KR og er þá tryggt að a.m.k. 80% af arðsemi framlagsins fari í verkefni eða þróun sem gagnast þeirri deild.

Ef framlag einstaklings nær kr. 100.000 m.v. verðlag í ársbyrjun 2010 verður viðkomandi einstaklingur ævifélagi í KR.

4. gr. Stefna

Stefna framtíðarsjóðsins er að Knattspyrnufélag Reykjavíkur hafi alltaf forsendur til að vera stolt og samnefni Vesturbæinga, besta íþróttafélag landsins sem vinnur markvisst í samræmi við stefnu félagsins.

5. gr. Stofnendur

Stofnendur framtíðarsjóðsins eru Knattspyrnufélag Reykjavíkur, Míningasjóður KR og þeir sem árita nafn sitt og framlag á sérstakt fylgiskjal fyrir aðalfund KR 2010. Stofnendalisti verður hluti samþykta þessarra.

6. gr. Stofnfé

Stofnfé framtíðarsjóðsins við skráningu er kr. 1.600.000, sem er allt greitt við stofnun félagsins. Nýtt stofnfé verður skráð að lokinni skráningu stofnenda skv. 5. gr.

7. gr. Aðalfundur og stjórn

Aðalfundur framtíðarsjóðsins skal haldinn árlega í tengslum við aðalfund KR. Á aðalfundi skal gera grein fyrir reikningum og starfsemi sjóðsins og kjósa stjórn. Aðalfundur kýs 3 stjórnarmenn til eins árs í senn. Aðalstjórn KR tilnefnir 2 stjórnarmenn til setu í stjórninni til jafn langs tíma. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Rétt til setu á aðalfundi hafa allir sem hafa lagt fé til sjóðsins og hefur hver eitt atkvæði.

Stjórn sjóðsins stýrir öllum málefnum hans og gætir hagsmuna hans gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur framtíðarsjóðinn.

8. gr. Stjórnarfundir

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri, sé hann ráðinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Stjórnin fær ekki þóknun.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið sé þess kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundum.

9. gr. Framkvæmdastjóri og bókhald

Stjórn getur ráðið framkvæmdastjóra og ákveður hún laun hans og starfskjör. Hún veitir og prókúruumboð fyrir sjálfseignarstofnunina.

Sé framkvæmdastjóri ráðinn, hefur hann með höndum stjórn á daglegum rekstri sjóðsins og kemur fram fyrir hans hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðanda sjóðsins allar upplýsingar um rekstur hans sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna framtíðarsjóðsins sé með tryggilegum hætti.

10. gr. Endurskoðun reikninga

Stjórn skal ráða löggiltan endurskoðanda sem endurskoðanda stofnunarinnar til eins árs í senn. Skal endurskoðandi rannsaka ársreikning fyrir hvert starfsár eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund. Skal senda stjórnvaldi því er tekur við ársreikningum félaga ársreikning stofnunarinnar ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda og upplýsingar um hvenær ársreikningurinn var samþykktur í stjórn.

11. gr. Reikningsár og fjárfestingarstefna

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórn skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru í boði á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Heimilt er að ávaxta fé sjóðsins á bankareikningum, í skráðum hlutabréfum eða öðrum verðbréfum.

Fjárfestingarstefna sjóðsins skal mótuð með aðstoð færustu sérfræðinga og fjárfestingar sjóðsins vera í samræmi við bestu ráðgjöf á hverjum tíma.

12. gr. Ráðstöfun hagnaðar og taps

Árleg afkoma skv. rekstrarreikningi færir til hækkunar eða lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé.

Að fullnægðum skilyrðum 33. gr. laga nr. 33/1999 er einungis heimilt að úthluta fjármunum framtíðarsjóðsins til Knattspyrnufélags Reykjavíkur, skv. nánari ákvörðun stjórnar og í samræmi við samþykktir þessar.

Umsóknir um styrki skulu meðhöndlaðar af hlutlægni, umsagna og meðmæla aflað ef því er að skipta og niðurstaða stjórnar færð í gerðabók. Ekki er heimilt að veita styrki til venjubundins rekstrar, leikmannakaupa eða vegna taprekstrar. Styrkir skulu beinast að uppbyggingu og þróun á starfsemi og/eða aðstöðu.

Stjórn er heimilt að ákvarða styrki til verkefna sem hún telur verðug þótt ekki liggi bein umsókn fyrir af hálfu hlutaðeigandi.

Stjórn skal gera grein fyrir meginþáttum styrkja á aðalfundi sínum og aðalfundi KR.

Stjórn ber að ganga eftir því að styrkir séu nýttir í samræmi við markmið þeirra.

13. gr. Breytingar á samþykktum

Til breytinga á samþykktum þessum þarf samþykki stjórnar félagsins og aðalstjórnar KR.

14. gr. Slit

Með tillögur um slit, skipti eða sameiningu KR-sjóðsins ses. við aðra stofnun skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum.

Sé stofnunin leyst upp eða hún sameinuð annarri stofnun skal fara eftir ákvæðum XIII. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutfélög með síðari breytingum, sbr. einnig XIV. Kafla sömu laga, eftir því sem við getur átt. Við slit skal eignum ráðstafað í samræmi við fyrirmæli í 12. grein.

15. gr. Lokaákvæði

Þar sem ákvæði samþykta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir serm stunda atvinnurekstur, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

Þannig samþykkt á stofnfundi þann 23. Febrúar 2010.

f.h. Knattspyrnufélags Reykjavíkur, sem stofnanda